



## Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Fimmtudaginn, 15. október 2009

Fundur var haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar 15. október 2009, kl. 17,00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Heiðrún Bjarkadóttir ritaði fundargerð. Forföll boðaði Valgarður Hilmarsson. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

### **Dagskrá:**

#### **Dagskrárliður 1**

Rúnar Örn Guðmundsson sækir um stöðuleyfi fyrir geymslugám á lóð sinni Efstubraut 2, Blönduósi til eins árs.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt, leyfið er veitt til eins árs.

#### **Dagskrárliður 2**

Fyrirspurn:

Finnbogi Þór Erlendsson óskar eftir leyfi fyrir byggingu á bílskúr með geymslu á baklóð fasteignarinar Brimslóð 8. Blönduósi. Meðfylgjandi er teikning.

Afgreiðsla: Erindinu er hafnað þar sem þetta samræmist ekki deiliskipulagi.

#### **Dagskrárliður 3**

Heiðar Kristjánsson Holtabraut 14, Blönduósi óskar eftir byggingalóð fyrir einbýlishús. Óskað er eftir lóðinni Brekkubyggð 27 eða lóðinni Garðabyggð 10, Blönduósi.

Afgreiðsla: Erindinu er frestað.

#### **Dagskrárliður 4**

Byggingafulltrúi Blönduósbæjar fyrir hönd fasteignarinnar Hnjúkabyggð 33 (Fasteignir ríkissjóðs og Blönduósbær) óskar eftir byggingaleyfi fyrir 60m<sup>2</sup> lokuðu svæði með girðingu við norður gafl hússins, sem nota á sem geymslu fyrir lögreglu.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00

*Þórður Pálsson (sign)*

*Gauti Jónsson (sign)*

*Valgerður Gísladóttir (sign)*

*Andrés Leifsson slökkviliðsstjóri (sign)*

*Stefán Árnason, byggingarfulltrúi (sign.)*

*Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)*